

Stafrænt ráð 9. nóvember 2022

Fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnaðarmat vegna yfirfærslu yfir í Teams voice

ÞON22110018

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands spyr hvernig kostnaðarmat á yfirfærslu yfir í Teams voice verður gert, sérstaklega í ljósi þess að kaup og viðhald á farsímum eru á forræði hvers og eins leikskóla. Er slíkur afleiddur kostnaður fyrir starfseiningar tekinn til greina og sundurliðaður í kostnaðarmati? Farsímar eru dýr tæki og kaup slíkum tækjum fyrir starfsfólk og/eða deildir bæði leik- og grunnskóla eru fjárhagslega íþyngjandi. Þannig hafa ekki allir leik- og grunnskólar farið í slík innkaup. Mun Reykjavíkurborg bæta upp þessi auknu fjárútlát hjá leik- og grunnskólum ef ákvörðun verður tekin um að hætta með landslínusíma og notast einungis við farsíma? Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands vill einnig benda á áhættuna sem fylgir því að notast aðeins við eitt fjarskiptakerfi. Hvernig mun Reykjavíkurborg tryggja að hægt sé að ná sambandi við allar starfsstöðvar borgarinnar? Er gert ráð fyrir viðvarandi rafmagnsleysi í áhættumati? Ljóst er að miðað við ástandið í loftslagsmálum gætu slíkar aðstæður komið oftár upp og verði með tímanum sífellt tíðari og alvarlegri.